

Fermingarbörn dagsins

Í morgun kl. 11.00 var ferming í Siglufjarðarkirkju. Þau sem fermdust voru: Amalía Þórarinsdóttir, Andri Snær Elefsen, Anna Brynja Agnarsdóttir, Aron Fannar Hilmarsson, Dómhildur Ýr Iansdóttir Gray, Hafsteinn Úlfar Karlsson, Halldóra Helga Sindradóttir, Jón Grétar Guðjónsson, Margrét Brynja Hlöðversdóttir, Marlís Jóna Þórunn Karlsdóttir, Mikael Sigurðsson og Ómar Geir Ísfjörð Lísuson. Flest útskrifuðust þau úr leikskólanum á Siglufirði 28. maí 2010. Hér fyrir neðan er ein mynd tekin þá og tvær aðrar frá í morgun, skömmu áður en þau gengu úr safnaðarheimilinu og niður í kirkju, auk einnar fyrir ofan.

Þess má geta að ungmennin fengu að gjöf í tilefni 100 ára kaupstaðarafmælis Siglufjarðar áritaðar sálmabækur frá söfnuðinum, þar sem á framhlið var nafn viðkomandi ritað með gyllingu og á bakhlið sagt frá hver gaf og hvenær.

Siglfirðingur.is óskar fermingarbörnunum og aðstandendum þeirra innilega til hamingju með daginn.



Útskrift úr leikskólanum 28. maí 2010.



Brugðið á leik í safnaðarheimilinu í morgun.



Tilbúin að ganga niður í kirkju til fermingar.